

Reuters

Hattarnir á Ascot slá nýtt met hvert sumar í skrautleika sínum og fjölbreytni, eins og gefur að líta á þessum dæmum. Elísabet drottning gekk þó ekki eins langt og sumar hinna kvennanna.

Hattar, sjakket – já, og veðreiðar

AF LISTUM



Ásgeir Ingvarsson

Konunglegu Ascot-veðreiðarnar standa nú yfir. Ascot-völlurinn hefur verið lokaður síðastliðið ár vegna endurbóta og var keppnin haldin í York á síðasta ári. Það er því sérstakur hátíðarbragur yfir viðburðinum í ár sem kominn er aftur á hinn sögufræga Ascot-völl, sem er glæsilegri en nokkru sinni.

Eins og venjulega er minnst fylgst með veðreiðunum sjálfum og gestir á Royal Ascot fyrst og fremst komnir til að sýna sig og sjá aðra. Myndavélar fréttamanna beinast minna að knöpunum en meira að skrautlegum höttum finna frúa.

•••

Konunglegu veðreiðarnar má rekja allt aftur til ársins 1711. Eins og vera ber við alla almennilega konunglega viðburði gilda strangar reglur um klæðaburð á Ascot: þannig mega gestir ekki vera klæddir hvernig sem þeim sýnist og áhorfendarýmið er stúkað niður til að aðskilja hærra setta frá lægra settum.

•••

Konunglega stúkan þykir fínust, en þangað kemst enginn inn nema hafa verið boðið, og enginn má bjóða nýjum gesti í stúkuna nema hafa átt þar pláss í fjögur ár. Formlegur klæðnaður er skilyrði til að vera hleypt inn á svæðið: konur *verða* að bera hatt á höfði, hlýralausir kjólar eru ekki leyfðir, ekki má sjást í maga eða mjóbak og gæta verður lita- og efnissamræmis í klæðnaði. Karlar verða að vera í sjakket, sem ekki má vera án vestis og pípuhattinn má ekki heldur vanta. Hins vegar mega erlendir gestir klæðast þjóðbúningi heimalands síns eða viðhafnar-herklæðum, ef svo ber undir. Stúlkur þurfa að klæðast kjól eða pilsi og piltar jakkafötum og bindi. Gallabuxur og íþróttaskór eru brottrekstrarsök.

> ’Konur *verða* að bera hatt á höfði, hlýralausir kjólar eru ekki leyfðir og ekki má sjást í maga eða mjóbak.‘

•••

Á þeim svæðum sem opin eru almenningi er ætlast til að konur séu fínt klæddar, og karlmenn í skyrtu og með bindi, og helst jakka líka. (Margir mæta samt í sjakket, hátíðarinnar vegna). Gallabuxur, stuttbuxur, stuttermabolir og íþróttafatnaður hverskonar leyfist ekki.

Það er ekki fyrr en komið er á alþýðlegasta svæðið, lyngheiði sem er í hinum enda reiðsvæðisins, að slegið er af kröfunum. Þar er fólk hvatt til að klæða sig smekklega, en annars er allt leyfilegt, nema stranglega bannað að vera ber að ofan.

•••

Skyldu menn telja þessar reglur fullstrangar, þá má taka fram að nokkuð hefur verið slakað á kröfunum á liðinni öld. Lengst af var aðgangur að konunglegu stúkunni aðeins veittur með persónulegu boði konungs og til ársins 1955 var fráskildum meinaður aðgangur að konunglegu stúkunni.

asgeiri@mbl.is

Myndlist | Sumarsýning Kjarvalsstaða opnuð í dag

Verk margra af helstu málurum þjóðarinnar

Á SUMARSÝNINGU Kjarvalsstaða þetta árið fá listunnendur innsýn í íslenska myndlist frá því um aldamótin 1900 og til samtímans. Verkin á sýningunni eru frá ýmsum tímum og eru listsöguleg viðmið látin víkja fyrir samhljómi verkanna, sem öll eru úr hinni miklu safneign Listasafns Reykjavíkur.

Margir af helstu málurum þjóðarinnar eiga verk á sýningunni auk þess sem nokkur verk eru eftir listamenn sem vinna í aðra miðla. Elsta verkið er eftir Þórarin B. Þorláksson en þau yngstu eru unnin við upphaf 21. aldar. Er sýningin til vitnis um fjölbreytta nálgun íslenskra listamanna við viðfangsefni sín. Opnunin verður í dag klukkan 16 og verður við það tilefni veittur styrkur úr Listasjóði Guðmundu S. Kristinsdóttur. Aðgöngumiðinn gildir samdægurs í öll hús Listasafns Reykjavíkur og er frítt inn fyrir yngri en 18 ára.



Helgi Þorgils Friðjónsson er meðal þeirra listamanna sem eiga verk á sumarsýningu Kjarvalsstaða.

Orgeltónleikar í Reykholtskirkju

Í SUMAR verða haldnir sjö tónleikar í orgeltónleikaröð Reykholtskirkju. Tónleikarnir eru haldnir á vegum kirkjunnar í samvinnu við Félag íslenskra organleikara til styrktar Orgel- og söngmálasjóði Bjarna Bjarnasonar, en sjóðurinn stóð straum af kostnaði við viðgerð og uppsetningu orgelsins. Aðgangseyrir rennur óskiptur til sjóðsins því listamenn og aðrir aðstandendur tónleikanna gefa vinnu sína til styrktar málefninu.

Fyrstu tónleikarnir verða haldnir í dag kl. 17. Þá leikur á orgelið Friðrik Vignir Stefánsson, fyrrverandi organisti í Grundarfirði. Á efnisskrá Friðriks Vignis eru orgelverk eftir J.S. Bach, Buxtehude, Bruhns og Pachelbel, auk sálmforleikja eftir Jesper Madsen, Magnús Blöndal Jóhannsson, Jón Þórarinsson og Atla Heimi Sveinsson.

Um orgel Reykholtskirkju

Orgel Reykholtskirkju var smíðað fyrir Dómkirkjuna í Reykjavík hjá Th. Frobenius & Co í Kaupmannahöfn árið 1934 og var í henni til 1985 að skipt var um orgel. Þá var það keypt af Reykholtssöfnuði og geymt til uppsetningar í hinni nýju kirkju sem þá var ákveðið að reisa. Sama verksmiðja og smíðaði orgelið upphaflega gerði það upp fyrir Reykholtskirkju og var það vígt á páskum 2002.

Tónleikar sumarsins í Reykholti verða sem hér segir:
24. júní: Friðrik Vignir Stefánsson
8. júlí: Lenka og Pétur Maté
22. júlí: Douglas A. Brotchie
5. ágúst: Steingrímur Þórhallsson og Pamela De Sensi
12. ágúst: Jón Ólafur Sigurðsson og Kristín R. Sigurðardóttir
19. ágúst: Marteinn H. Friðriksson
26. ágúst: Guðmundur Sigurðsson

Tónlist | Tónleikar Alþjóðlega orgelsumarsins í Hallgrímskirkju

Thomas Trotter með tvenna tónleika

ORGANISTINN Thomas Trotter leikur þessa helgi á tónleikum Alþjóðlega orgelsumarsins í Hallgrímskirkju. Fyrri tónleikarnir fara fram í dag klukkan 12 og þeir síðari verða á morgun klukkan 20. Meðal þeirra verka sem Trotter spilar í hádeginu í dag má nefna allegro úr konsert eftir Vivaldi/Bach og tvö lög eftir Elgar. Á sunnudagskvöldið verður m.a. leikinn konsert í a-moll eftir Vivaldi/Bach og ein af fantasíum Mozarts.



Thomas Trotter hefur verið verðlaunaður um allan heim fyrir orgelleik sinn.

Thomas Trotter var skipaður borgarorganisti í Birmingham árið 1983 og listrænn ráðgjafi og organisti tónlistarhúss borgarinnar árið 2001. Þá er hann organisti Kirkju heilagrar Margrétar í Westminster Abbey og gestaprófessor í orgelleik við konunglega tónlistarháskólann í Lundúnum. Árið 2002 hlaut hann hljóðfæraverðlaun Royal Philharmonic Society sem viðurkenningu fyrir mikilvægt framlag sitt til klassískrar tónlistar. Hann hefur leikið á fjölmörgum alþjóðlegum tónlistarhátíðum og gert um 12 hljóðritanir fyrir Decca. Diskar hans með verkum Messiaens og Mozarts hafa hlotið viðurkenningar tímaritsins Gramophone og hljóðritun á verkum Liszts hlaut „Grand Prix du Disque“ árið 1995.

Ísland á Feneyjatvíæringinn um byggingarlist og skipulagsmál

ÍSLAND tekur í fyrsta sinn þátt í Feneyjatvíæringnum um byggingarlist og skipulagsmál sem verður haldinn í 10. sinn í Feneyjum dagana 10. september til 19. nóvember 2006. Yfirskrift tvíæringsins er: Borgir, byggingarlist og samfélag. Frá þessu er greint í 19. vefriti menntamálaráðuneytisins í ár. Íslenska framlagið verður tónlistar- og ráðstefnuhúsið á Austurbakka í Reykjavík ásamt tilheyrandi skipulagi og uppbyggingu í miðborginni. Jafnframt kynningu á hönnun hússins verður lögð áhersla á að kynna Ísland sem menningar- og ráðstefnuland. Eignarhaldsfélaginu Portus hefur verið falið að annast undirbúninginn í samráði við Reykjavíkurborg, menntamálaráðuneyti og Austurhöfn – TR ehf. sem styrkja verkefnið.